



Samráðshópur um málefni aldraðra Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

6. fundur Samráðshóps um málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, föstudaginn 10. nóvember 2023 kl. 11:00.

Fundinn sátu:

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir

Kristín Karólína Karlsdóttir

Þorkell Gunnarsson

Sigríður Birna Guðjónsdóttir

Guðrún Ása Kristleifsdóttir, heilsu- og tómstundafulltrúi

Guðrún Margrét Njálsdóttir afboðaði sig.

Fundargerðina ritaði Guðrún Ása.

1. Þakklæti

Fundargestir vildu byrja á því að þakka fyrir það hversu vel er hugsað um eldri borgara í sveitarfélaginu og þá sérstaklega hótelferð sem farin var í Stykkishólm.

2. Starf framundan

- Jólakaffi 60+ 5. desember kl. 15:00 í félagsheimilinu, spila jólatónlist undir. Kaffigjald 500kr.
- Tölvunámskeið sameinað í eitt námskeið þar sem skráningin var ekki meiri.
- Hafa 60+ hitting í lok janúar þar sem hægt er að hittast og spila, sinna hannyrðum eða öðru, allir koma með eitthvað í hlaðborð. Kaffi í boði á staðnum.
- Göngur hefjast aftur í lok apríl. Væri gaman að fá aftur stafgöngunámskeið í vor.
- Skipuleggja dagsferð á næsta ári og hafa hótelferð annað hvert ár. Væri gaman að hafa næstu hótelferð á Reykjanesi.
- Bókakynningar og tónlist framundan á bókasafninu.

3. Facebook hópur

Gera hópinnt private þannig að þú þurfir að vera hluti af hópnum til að sjá það sem er í honum.

4. Önnur mál

- a) Rætt um heilsugæsluna og hversu mikilvægt sé að hún fari ekki upp á Flúðir og að það vanti stöðugleiki þegar kemur að læknum sem vinna þar.
- b) Sérstakar óskir um að reynt verði að bjóða upp á jóga í sveitarfélaginu. Guðrún Ása kannar möguleikana á kennurum og aðstöðu.



Samráðshópur um málefni aldraðra Grímsnes- og Grafningshrepps

- c) Renna yfir nafnalista eldri borgara á næsta fundi með það fyrir augum hvort að við vitum um einhverja sem eru einangraðir.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 12:00